



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 25. september, 2007

Ákvörðun nr. 53/2007

Samruni Gámaþjónustu Austurlands ehf. og Sjónaráss ehf.

1.

Þann 3. júlí 2007 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem tilkynnt var um samruna Gámaþjónustu Austurlands ehf. (hér eftir GA) og Sjónaráss ehf. (hér eftir Sjónarás). Við athugun Samkeppniseftirlitsins kom í ljós að framangreind samrunaskrá var ekki í samræmi við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Samkeppniseftirlitið sendi samrunaaðilum bréf dags. 9. júlí sl. þar sem eftirlitið beindi því til samrunaaðila að leggja fram þær upplýsingar sem koma áttu fram í tilkynningunni sem allra fyrst. Fullnægjandi samrunaskrá barst Samkeppniseftirlitinu þann 13. júlí sl.. Í samrunaskránni kemur m.a. fram að starfsemi samrunaaðila og tengdra aðila verði eftir samrunann rekin undir merkjum hvors félags um sig. Þá fylgdi með samrunaskránni kaupsamningur, dags. 20. júní 2007, og ársreikningar samrunaaðila og tengdra aðila fyrir árin 2005 og 2006 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu félaganna.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup GA á Sjónarás í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga, og fellur þessi samruni undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 3. ágúst 2007, tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

2.

Í samrunatilkynningu segir að GA hafi verið stofnað í formi einkahlutafélags fyrr á árinu en móðurfélag þess, Gámaþjónustan hf., hafi verið stofnað fyrir 24 árum síðan. Sé það félag í eigu rúmlega 60 hluthafa og eigi Benóný Ólafsson þar meirihluta. Sjónarás hafi verið stofnað árið 2002 og sé einkahlutafélag í 100% eigu Eysteins Einarssonar.

3.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að kaup GA á Sjónarás hafi átt sér nokkurn aðdraganda. Eftir ítarlega skoðun og úttekt á rekstri Sjónaráss ákváðu fyrirsvarsmenn Gámaþjónustunnar hf. að gera tilboð í allt hlutafé fyrirtækisins. Auk þess segir að stjórn GA telji að starfsemi Sjónaráss falli vel að rekstri GA þar

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



sem ýmsir þættir starfseminnar séu áþekkir sem að mati samrunaaðila geti nýst til að styrkja bæði GA og Sjónarás.

4.

Í samrunatilkynningu kemur fram að starfsemi GA og móðurfélags þess, Gámapjónustunnar hf. sé aðallega á sviði umhverfismála. Segir að þjónustusvið félagsins taki til allra þátta almennrar sorphirðu, frá innsöfnun á heimilissorpi til söfnunar og flutnings á spilliefnum. Auk þess bjóði fyrirtækið upp á vinnuvélaflutninga, leigu á vinnuskúrum, þurrsalernum og götusópun. Sjónarás starfi fyrst og fremst á markaði fyrir sorphreinsun og skylda starfsemi, s.s. leigu á gámum og urðun sorps.

Að mati samrunaaðila er viðkomandi þjónustumarkaður markaður fyrir umhverfisþjónustu og segir að samruninn taki aðallega til sorphirðu, söfnunar efna til endurnýtingar, ýmiss konar umhverfisþjónustu og urðunar sorps. Samrunaaðilar líta á allt Austurlandið sem hinn landfræðilega markað. Í tilkynningunni segir að samrunaaðilar hafi ekki handbærar tölulegar upplýsingar um heildarstærð markaðarins en að hugsanlega geti markaðshlutdeild Sjónaráss á Austurlandi öllu verið um 10-15%.

Samrunaaðilar nefna stærstu keppinauta samrunaaðila á viðkomandi markaði en þeir séu Gáma- og tækjaleiga Austurlands ehf., Dagsverk ehf., Íslenska Gámafélagið ehf., Hringrás ehf., Funi ehf. og ýmiss sveitafélög á Austurlandi. Þar að auki segir í tilkynningu að ýmsir smærri aðilar s.s. sendibílstjórar og vörubifreiðastjórar með sjálfstæðan rekstur stundi sams konar þjónustu fyrir mörg fyrirtæki.

5.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Kaup GA á Sjónarás flokkast undir láréttan samruna í skilningi samkeppnisréttar þar sem starfsemi beggja aðila er á sama sölustigi. Að mati Samkeppniseftirlitsins munu samlegðaráhrif samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við sorphirðu og skylda starfsemi. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa GA á Sjónaráss á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 20. júní 2007, keypti Gámaþjónusta Austurlands ehf. allt hlutafjár Sjónaráss ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. Samkeppnislaga. “

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson



